



Morgunblaðið, 14.09.2015, síðu 2  
grein stærð: 201.83 sm2  
grein hæð: 9.56 sm

# Sleppur vegna lagaklúðurs

- Seðlabankastjóri segir að bankanum hafi borið lagaleg skylda til þess að kæra
- Sérstakur saksóknari tók ekki afstöðu til sakarefna í Samherjamálinu

Ísak Rúnarsson  
isak@mbl.is

„Mér finnst hann nú vera að gera allt of mikið úr þessu, sérstaklega vegna þess að hann er að sleppa undan stórum hluta málsins, vegna þessa lagaklúðurs annars vegar og hins vegar vegna einhverra mistaka við setningu reglna í desember 2008,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um gagnrýni Þorsteins Más Baldvínssonar, forstjóra Samherja, á Seðlabankann og Má persónulega í kjölfar þess að sérstakur saksóknari ákvað að fella niður



Már  
Guðmundsson

stærstan hluta Samherjamálsins. Már segir einnig að sérstakur saksóknari hafi ekki tekið afstöðu til sakarefnanna beint heldur hafi hann í álitinu sínu sagt að erfitt væri að heimfæra meint brot á einstaklinga. „Aftur núna í hans álitu vefengir hann þau ekki, heldur segir að það sé svo erfitt að heimfæra þau upp á einstaka ein-

staklinga. Það er auðvitað kjarni málsins að þessi meintu brot eru af því tagi að það er ekkert sniðugt að heimfæra þau upp á einstaklinga heldur gerist þetta af hálfu fyrirtækisins,“ segir Már.

## Mátti ekki kæra lögaðila

Sérstakur saksóknari hefur túlkað gjaldeyrislögin með þeim hætti að ekki megi sækja fyrirtæki til saka fyrir brot á þeim heldur einungis einstaklinga. Már segir að fjölmiðlarnir hafi ekki áttað sig fyllilega á afleiðingum þess en samskonar lagaþáttur er í lögum um fjármála-

fyrirtæki og sé skilningur sérstaks saksóknara réttur hafi ekki verið hægt að ákæra fyrirtæki í þeim geira frá því árið 2006 og þar til nú fyrir stuttu.

Jafnframt tekur Már það fram að vilji hafi staðið til þess af hálfu Seðlabankans að ná fram sáttum í málinu en að bankanum hafi borið lagaleg skylda til þess að kæra meint brot til sérstaks saksóknara vegna þess að þau flokkuðust sem meiriháttar brot. „Ástæðan fyrir því að við sendum þessa kæru er sú að ef við hefðum ekki gert það þá hefðum við verið að brjóta lög,“ segir Már.